



Reykjavík 1. mars 2016

Ágæti viðtakandi.

Á 54. fundi samstarfsnefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara þann 10. febrúar. s.l. urðu aðilar sammála um að opna nýjan glugga sem gefur grunnskólakennurum tækifæri að nýju til að afsala sér kennsluafslætti. Ákvörðun um afsal skal staðfest með undirritun viðkomandi kennara á þar tilgerðu eyðublaði og skal því skilað til skólastjóra eða launadeildar í síðasta lagi 20. apríl 2016. Launasetning þeirra kennara sem kjósa að afsala sér kennsluafslætti og kennsluskylda breytist frá og með 1. ágúst 2016.

Eftirfarandi var bókað í fundargerð samstarfsnefndar:

Samstarfsnefnd er sammála um að opna að nýju fyrir afsal kennsluafsláttar og verður framkvæmd þess með eftirfarandi hætti:

Frá 1. mars 2016 til 20. apríl 2016 geta kennarar, sem eru í starfi á þessu tímabili valið að afsala sér þeim réttindum sem felast í grein 2.5.2.1 um lækkun hámarkskennslu í dagvinnu vegna starfs- og lífaldurs og taki þá laun skv. launatöflu A í kjarasamningi FG og SNS sem undirritaður var 20. maí 2014.

Breytingin, bæði hvað varðar launaröðun og kennsluskyldu tekur gildi frá og með 1. ágúst 2016. Afsalið skal fara fram á þar til gerðu eyðublaði.

Aðilar eru sammála um að upplýsingagjöf vegna málsins til skólastjórnenda og kennara sé mikilvæg og munu báðir aðilar standa fyrir upplýsingagjöf til fyrrgreindra aðila.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

Bjarni Ómar Haraldsson,
Sérfræðingur á kjaraviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Ólafur Loftsson,
Formaður Félags grunnskólakennara